

Costco Wholesale Iceland ehf.
Kauptúni 3
210 Garðabær

Reykjavík, 3. desember 2020
UST202005-305/F.K.
07.05.02

Niðurstöður eftirlits í kjölfar ábendingar um vanmerkta efnavöru í Costco.

Umhverfisstofnun barst ábending um að efnavara sem var boðin til sölu í Costco Wholesale Iceland, Kauptúni 3 uppfylli ekki kröfur efnalaga nr. 61/2013 varðandi merkingar.

Um er að ræða eftirfarandi vöru sem Costco Wholesale Iceland ehf. er ábyrgt fyrir markaðssetningu á:

Vara	Strikamerki
The Chemistry Laboratory	8005125617289

Farið var í eftirlit í verslun og eintak af vörunni tekið til skoðunar. Eftirlitið leiddi í ljós að varan uppfyllir ekki skilyrði efnalaga nr. 61/2013 og reglugerðar nr. 415/2014 um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna, sem innleiðir reglugerð (EB) nr. 1272/2008.

Um kröfur til merkinga og frávik frá þeim sem eftirlitið leiddi í ljós vísast til eftirlitsskýrslu sem er send til eftirlitsaðila með rafrænum hætti.

Umhverfisstofnun veitir Costco Wholesale Iceland ehf. frest til 17. desember 2020 til að senda stofnuninni afrit af merkimiða á innri umbúðir sem er uppfærður með tilliti til tungumálakröfu skv. reglugerð nr. 415/2014 sbr. nánari útlistun í meðfylgjandi eftirlitsskýrslu.

Úrbætur skulu sendar Umhverfisstofnun merktar málsnúmerinu UST202005-305. Rafræn skjöl sendist á ust@ust.is.

Jafnframt er gerð sú krafa að vörur á sölustað verði endurmerktar með réttri merkingu þegar hún liggur fyrir og hefur verið staðfest af Umhverfisstofnun.

Umhverfisstofnun veitir Costco Wholesale Iceland ehf. hér með frest til 17. desember nk. til þess að koma sjónarmiðum sínum á framfæri, sbr. 13.gr. stjórnisýslulaga nr. 37/1993.

Vakin er athygli á því að í samræmi við 5. mgr. 49. gr. efnalaga mun Umhverfisstofnun birta á vefsetri sínu upplýsingar um niðurstöður eftirlits og til hvaða úrræða stofnunin hefur gripið

jafnóðum og ákvarðanir um slíkt liggja fyrir. Bréf þetta og meðfylgjandi eftirlitsskýrsla verða birt á vefsetri stofnunarinnar 10. desember nk. Telji fyrirtækið að efni í bréfinu eða eftirlitsskýrslunni varði hagsmuni sem njóta eigi leyndar skal fyrirtækið tilkynna um það til Umhverfisstofnunar með rökstuðningi fyrir 10. desember nk.

Umhverfisstofnun vekur athygli á því að þótt aðeins séu gerðar kröfur varðandi þessa tilteknu vöru gæti verið þörf á úrbótum varðandi fleiri vörur hjá fyrirtækinu til að þær standist kröfur efnalaga eða reglugerða settra á grundvelli þeirra.

Umhverfisstofnun vekur einnig athygli á því að samkvæmt XIII. kafla efnalaga er stofnuninni heimilt að beita þvingunarúrræðum til að knýja á um framkvæmd ráðstöfunar samkvæmt lögunum, til að mynda með áminningu sbr. 55. gr., álagningu dagsekta sbr. 56. gr. og stöðvun markaðssetningar sbr. 57. og 58. gr.

Jafnframt er vakin athygli á því að samkvæmt gjaldskrá fyrir verkefni og þjónustu Umhverfisstofnunar nr. 535/2015 innheimtir stofnunin tímagjald vegna eftirfylgni eftirlits og beitingar þvingunarúrræða, sbr. 30 gr. gjaldskrárinnar. Komi ekki til frekari eftirfylgni eða beitingar þvingunarúrræða í þessu máli verður ekkert gjald innheimt.

Upplýsingar um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna má finna á heimasíðu Umhverfisstofnunar¹.

Fyrirtækinu er velkomið að leita til sérfræðings stofnunarinnar, Fífu Konráðsdóttur, til að fá nánari upplýsingar um skyldubundnar merkingar í síma 591 2000 eða í gegnum netfangið fifa.konradsdottir@ust.is.

Virðingarfyllst

Fífa Konráðsdóttir
Sérfræðingur

Ísak Sigurjón Bragason
Sérfræðingur

¹ <https://ust.is/atvinnulif/efni/flokkun-merking-og-umbudir/>